

J.C.KÖNIG & EBHARDT HANNOVER
601 P 96
J.C.KÖNIG & EBHARDT HANNOVER
601 P 96
DIESES BUCH LIEFERTE IHNEN
EIN DREI-LILIEN-BUCH
601 P 96
J.C.KÖNIG & EBHARDT HANNOVER

LÖG

KVENFÉLAGSINS BJARKAR, HVAMMSTANGA

1. gr.

Félagið heitir "Kvenfélagið Björk, Hvammstanga".

2. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 konur, formaður, ritari og gjaldkeri.
Þrjár konur skulu kosnar til vara.
Kjörtímabil þeirra eru þrjú ár, þannig að ein kona gengur úr stjórninni árlega, (með hlutkesti fyrstu árin) og er þá önnur kona kosin í hennar stað, ásamt varakonu. Fer kosningin fram á aðalfundi félagsins.
Biðjist stjórnarkona undan endurkosningu, þegar hún hefir endað sitt kjörtímabil, er ekki heimilt að kjósa hana í stjórnina næstu 3 ár.

3. gr.

Formaður boðar til funda, eða auglýsir þá, eigi síðar en daginn áður en þeir skulu haldnir. Formaður stjórnar aðalfundi og lætur sér annt um hag félagsins allan og velferð.
Gjaldkeri innheimtir og varðveitir peninga félagsins og leggur þá á sjóð. Einnig geymir hann alla reikninga og hefur á hendi útborganir.
Ritari bókar fundargerðir og annað er rita þarf í þágu félagsins og geymir fundargerðabók.

4. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. mars ár hvert. Skal þá gjalda árgjald og leggja fram ársreikninga félagsins, lesa upp lög þess o.fl.
Lagabreytingar er aðeins heimilt að gera á aðalfundi.

5. gr.

Fundi skal halda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði að vetrinum.
Skal jafnan kjósa 2 - 3 konur á hverjum fundi til að halda uppi umræðum, upplestri eða öðrum gleðskap á þeim næstu.

6. gr.

A aðalfundi skal kjósa skriflega í þær nefndir sem starfa á vegum félagsins. Skal sú regla viðhöfð að í tveggja manna nefndum sé kjörtímabil tvö ár en í öðrum nefndum þrjú ár.
Sá sem kemur næst aðalmanni að atkvæðafjölda skal verða varamaður í nefndinni. Fyrsti varamaður nefndar verði sá er lengst hefur setið sem varamaður og síðan koll af kolli. Þurfi að kjósa fleiri en einn varamann í einu skal sá sem fleiri atkvæði hlýtur verða ofar á lista varamanna.
Að liðnum aðalfundi skal aldursforseti kalla nefndina saman í fyrsta skipti og skiptir hver nefnd með sér verkum innbyrðis.
Eftir að hafa starfað í nefnd eitt kjörtímabil eða lengur á félagsmaður rétt á jafnlöngu frí úr þeirri nefnd.
Vilji félagsmaður notfæra sér þau réttindi ber honum að tilkynna það eigi síðar en á aðalfundi, en telst ella réttkjörinn nái hann kosningu.
I nefndir sem vinna eiga að skammtímaverkefnum má kjósa á almennum félagsfundum. Miðast stærð þeirra og kjörtímabil aðeins við tiltekið verkefni.

7. gr.

Félagið skal á hverjum vetri hafa með höndum starf nokkurt.
Skal það afla tekna með eigi minna en einni skemmtun á ári.

snú

8. gr.

Tekjum félagsins skal verja samkvæmt fundarsamþykktum og samkvæmt stefnuskrá félagsins.

9. gr.

Inntöku geta konur fengið í félagið á hvaða fundi þess sem vera skal, með samþykki meirihluta mættra félagskvenna, og skulu þær þá gjalda inntökugjald, en úrsagnir, sem skulu vera skriflegar, eru aðeins teknar gildar á aðalfundi, og les formaður þær þá upp í áheyrn félagskvenna.

10. gr.

Mál, sem fram koma í félaginu og rædd eru á fundum þess, skulu meðhöndluð sem einkamál utan félags.

11. gr.

Argjald skal vera kr. 20 og inntökugjald kr. 10.

12. gr.

Ef ein eða fleiri félagskvenna æskir fundar að gefnu tilefni, skal formaður skyldur að verða við þeirri ósk, og boða til fundar.

151. fundur

Aðalfundur kvenfélagsins Bjarkar var haldinn í félagsheimilinu 29. jan 1969. Mættar voru 13 konur. Formaður setti fundinn og sfjárnaði konum.
Fyrst las formaður upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt. Þá las formaður upp skýrslu um störf félagsins á síðasta ári.
Gjaldkeri félagsins Anna Guðmundsdóttir las upp reikninga þess og skýrði þá.
Þá las formaður upp byggingarreikning félagsheimilisins og á kvenfélagið að greiða kr 50,000.00 á þessu ári.
Næst las formaður upp lista yfir þroskta og skuggamyndir sem kvenfélögin geta fengið að láni án endurgjalds til að sýna á fundum sínum og var samþykkt að fá nokkrar til reynslu.
Þá var gengið til kosninga. Úr stjórn átti að ganga Þóra Pálsdóttir ritari og var hún einróma endurkosin. Í skemmtinefnd voru kosnar Ásta Ögmundardóttir, Helga Bjarnadóttir og Sigríður Hedvaldsdóttir. Til vara Björg Stefanía og Rósa Guðjónsdóttir.
Í kaffinefnd voru kosnar Margrét Jóhannesdóttir Sigurbjörg Guðmannsdóttir og Rósa Guðjónsdóttir. Til vara Guðrún Bjarnadóttir Helena Þorlaug Kamilsdóttir og Dóra Hedvaldsdóttir.
Í 17 júnínefnd voru kosnar Dóra Hedvaldsdóttir og Helena Þorlaug til vara Kristbjörg Magnúsdóttir.
Fulltrúar á aðalfund K.B. voru kosnar Marta Albertsdóttir og Þóra Sigvaldadóttir til vara Þórdís Pálsdóttir og Margrét Gísladóttir.
Þegar hér var komið var gefið kaffihlé og var nú mættur Sigurður Kristinsson sem bauð fundarkonum að koma og skoða efri hæð hússins og sjá

hvað búið væri að gera þar, útskýrði hann hvað framundan væri og fyrirhugað væri að ~~gera~~ reyna að taka þá hæð í notkun 17. júni nk og leist öllum vel á, ef það tækist.
Var þá farið aftur niður og sest að kaffiborði sem vel var þegið þar sem konurnar voru orðnar bæðikaldar og svangar, meðan setið var að kaffinu var lokið við kosningar.
Kosnar voru þrjár konur til að skemmta gamla fólkinu á sjúkrahúsinu þær Sigrún Jonsdóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir og Steinvör Benónysdóttir til vara var kosin Þóra Sigvaldadóttir.
Þá var rætt um hvort bjóða ætti gamla fólkinu í ferðalag næsta sumar eins og í fyrra og var það samþykkt þótti það skemmtilegt og takast vel.
Þá kom á dagskrá hvort kvenfélagið ætti ekki að efna til smá hvöldvöku innan félagsins og bjóða mönnum sínum til þess fagnaðar og var það samþykkt og jafnframt kosnar í nefnd til að athuga það mál frekar þær Kristbjörg Magnúsdóttir Björg Hemilsdóttir og Rósa Birna Jonsdóttir.
Þá var rætt um hvert ekki væri rétt að panta ýmsar vörur í heildsölu t.d. þvottaefni ofl. og voru kosnar í nefnd til að athuga það. Helísabet Ólafsdóttir, Anna Guðmundsdóttir og Ásdís Pálsdóttir. Fleira var ekki tekið fyrir, og fundinum slitið og var þá komin stórhrið.

Ásdís Pálsdóttir
ritari

152. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk 25 mars 1969. Mættar voru 14 konur.
Formaður setti fundinn og stjörnaði honum.
Lesin var upp síðasta fundargjörð og var hún samþykkt. Síðan var lesið bréf frá framkvæmdanefd Félagsheimilisins og var samþykkt að greiða (50,000,00) fimmtiu þúsund til Félagsheimilisins í ár.
Lesin var upp fundargjörð aðalfundar K.B. konum til ánægjum og fróðleiks.
Síðan var lesið bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands.
Samþykkt var að taka á móti konum úr Skaftafellssýslu ef þær kæmu hér í sumar.
Að lokum var rætt um að fá í heildsölu þvottaefni og fleira og var mikill áhugi fyrir því.
Fleiri mál ekki á dagskrá. Fundi slitið

Fundarritari R.G.
Ásdís Pálsdóttir.

153 fundur.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk
mánudaginn 21 júlí 1969. Mættar voru 11 konur.
Formaður setti fundinn og stjórnaði konum.
Lesin var upp síðasta fundargjörð og var
hún samþykkt. Þá var ráðað niður vinnu
við árshátíð kvennabandsins, sem verður á
Hlaðhamrastanga 27 júlí.
Síðan las formaður upp síðustu aðalfundargjörð
K.B. Þá síðustu var rætt um komu
forseta Íslands í sumar 15 ágúst og hvert
ætti að leita til ungmannafélagsins með
vinnu því kvenfélagið telur sig ekki geta
þetta eitt og var samþykkt að tala við
ungmannafélagið.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Ásdís Pálsdóttir
fundarritari

154. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk
15 des 1969. Mættar voru 11 konur.
Formaður setti fundinn og stjórnaði konum.
Fyrst las formaður upp síðustu fundargjörð
og var hún samþykkt.
Síðan las formaður upp bréf frá Kristjáni
Friðbergssyni þar sem hann fer fram á fjárstuðning
en hann rekur barnaheimili nálægt Blönduósi
og var samþykkt að senda honum kr 5000.00
sem nokkurs konar jólagjöf.
Þá var rætt um jólatrésskemmtunina og var
ákveðið að tala við Vatnsnesskonurnar og bjóða
þeim að vera með.
Þá síðustu voru seldir kökudropar og fleira.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
fundarritari
Ásdís Pálsdóttir.

155. fundur.

Aðalfundur var haldinn í kvenfélaginu Björk sunnudaginn 1 febrúar 1970. Hófst ~~með~~ kl 4 síðdegis með kaffidrykkju. Mattar voru 15 konur.
Formaður Margrét Gísladóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Fyrst voru boðnar velkomnar þrjár konur sem gengu í félagið þær Kristín Árnadóttir, Svala Karlsdóttir og Helga Ásbjörnsdóttir. Þá las formaður upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt síðan lög félagsins þá las gjaldkeri Anna Guðmundsd upp reikninga félagsins og skýrði þá.
Næst var gengið til kosninga, formaður Margrét Gísladóttir átti áð ganga úr stjórn og baðst hún undan endurkosningu í hennar stað var kosin Sigurbjörg Guðmannsdóttir til vara Helísabet Ólafsdóttir. Í skemmtinefnd voru kosnar Helga Ásbjörnsd, Björg Stefanía Sigurðard og Dóra Meðvaldsd til vara Helena Sigurðard og Helísabet Ólafsd.
Í kaffinefnd voru kosnar, Margrét Gíslad, Helsa Bjarnad og Helga Ágústsdóttir til vara Helísabet Ólafsd og Svala Karlsd.
Í 17 júninefnd voru kosnar Helena Sigurðard og Ásta Ögmundard til vara Kristín Árnadóttir.
Fulltrúar á sambandsfund voru kosnar, Margrét Johannesd og Helga Ágústsd til vara Sigrún Jónsd og Marta Albertsd. Mendurskoðendur voru kosnar Rósa Guðjónsd og Helísabet Ólafsd til vara Sigríður Meðvaldsd og Margrét Gíslad. Að lokum þakkaði Helsa Bjarnadóttir fráfarandi formanni Margréti Gísladóttur fyrir vel unnin stjórnarstörf á liðnum árum og bauð nýja formanninn velkominn til starfa. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi sliðið.

Fundarritari Ásdís Pálsdóttir

156. fundur.

Fundur haldin í kvenfélaginu Björk 12/3 1970.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsd setti fundinn og stjórnaði og bauð konur velkomnar síðan las hún síðustu fundargjörð og var hún samþykkt. Gaf hún síðan konum orðið laust og þögnuðu þá allar.
Síðan var seldur alskonar varningur.
12 konur mættu.

Fundi slitið

Fundarritari Ásdís Pálsd

157.

Fundur settur í kvenfélaginu „Björk" 7 ágúst 1970.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsd setti fundinn bauð hún konur velkomnar og las upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt. Þótt léleg væri. Aðalmál á dagskrá var fyrirhugað skemmtiferð sem kvenfélagið byði félagskonum í og þeirra mönnum.
Málið var nokkuð rætt og sérstök umhyggja var borin fyrir eiginmönnunum og reynt að skipuleggja ferðina sem best við þeirra kæfi. svo þeir sæu í verki hversu góðar konur þeir ættu þrátt fyrir allt.
Formaður las upp fundargjörð aðalfundar K B í V-Hún.
Þóra Sigvaldadóttir færði skrúðgarði kvenfélagsins 300.00 að gjöf. 10 konur sátu fundinn.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Helena Sigurðardóttir
Fundarritari

158 fundargjörð.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu „Björk," þriðjudaginn 3 móvember 1970 14 konur voru mættar Varaformaður Elísabet Ólafsdóttir setti fundinn og stjórnaði.
Efni fundarins var hvert kvenfélagið ætti að gleðja Sillu eitthvað og var rætt um að kaupa sjónvarp það urðu nokkrar umraður um málið.
Síðan var ákveðið að kaupa sjónvarp og kosnar 3 konur til að annast þetta þær Elísabet Ólafsdóttir Kristbjörg Magnúsdóttir og Ásdís Pálsdóttir.
Að síðustu stóð þóra Sigvaldadóttir upp og þakkaði fyrir gjöfina sem hún fékk á Gullbrúðkaupsdegi þeirra hjóna í sumar, þann dag var hún gerð að heiðursfélaga í kvenfélaginu Björk.
Þakkaði hún þann heiður og einnig þakkaði konunum fyrir gott samstarf á liðnum árum.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir Fundi slitið

Ásdís Pálsdóttir
fundarritari

1970

Kæru félagssystur.

Hjartans þakkir fyrir gjöfina, og þann heiður sem þið, sýnduð mér, með því að gera mig að heiðursfélaga Kvenfélaginu okkar "BJÖRK" á gullbrúðkaupsdegi okkar hjónanna, 11. september sl.
Gjöfin var líka dásamlega vel valin, fallegur hvítur vasi, tákn sakleisis, eins og blómin sem þið fylltuð hann með, og þau öll úr garðinum okkar. Það gat ekki betra verið, þá hlýnaði mér sannarlega um hjartar, ætur ég fann kærleika ykkar streyma til mín og skilning ykkar á hvers virði mér eru blómin og garðurinn okkar.
Ég endurtek bestu þakkir, til ykkar fyrir þetta allt, og indæl samstörf á liðnum árum.
Guð blessi ykkur heimili ykkar og félagssakp um alla framtíð.

Þóra Sigvaldadóttir (sign)

160 fundargjörð.

Aðalfundur Kvenfélagsins Björk var haldinn mánudaginn 25 jan 1971.
Mættar voru 14 konur. Formaður Sigurbjörg Guðmanns setti fundinn og stjórnaði konum, bauð hún konur velkomnar á fundinn, sérstaklega þá konur sem gengu í félagið, þar Valgerði Guðmundsdóttur og Önnu Silju Sigurðardóttur þá las formaður upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt, þá las formaður lög félagsins. Því næst las gjaldkerinn Anna Guðmundsdóttir upp reikninga félagsins og skýrði þá, einnig las gjaldkerinn upp þakkar bréf frá Rauða Kross Íslands og Sólskinsdeildunni á Sólvangi þá las gjaldkerinn upp uppkjöðandi bréfið um leið.. og fundurinn þakkar þeim fyrir. Bergsveinsdóttur Stúdum, Sigríði Jóhannesdóttur Ölgerði. Sigurbjörgu Friðriksdóttur Laufskála og Stjórninu fyrir Reykholti, ágæt störf í þágu félagsins og næst til að félagið mætti nýta starfskrafta þeirra sem lengst, samþykkir fundurinn að senda fyrrverandi konum stjórnar félaga þessum Bjarkar. Tillagan samþykkt samhljóða. Þá bað gjöra Sigvaldadóttur um orðið og las eftirfarandi þakkir

því las formaður upp úrsagnarbréf frá Þorbjörgu Ólafsdóttur og þótti konum það mjög miður, var þá samþykkt að gera Þorbjörgu að heiðurs félaga. Því næst var gengið til kosninga. Anna Guðmundsdóttir ætti að ganga úr stjórn en var endurkosinn gjaldkeri einróma. Vara gjaldkeri var kosin Hálfa Bjarnadóttir. Í skemmtinefnd voru kosnar Rósa Guðjónsdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, og Sigríður Hákonardóttir til vara Elísabet Ólafsdóttir, Kristín Árnadóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir.
17 júninefnd voru endurkosnar Þóra Ögmundsdóttir og Helena Þranlaug. Þá var gefið kaffihlé. Að því loknu var þrankaldið kosningum Í kaffinefnd voru kosnar Björg Hamilsdóttir, Þóra Karlsdóttir og Margrét Gísladóttir til vara Margrét Jóhannesdóttir, Dóra Hákonardóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir
Fulltrúar á aðalfund K B voru kosnar Hálfa Bjarnadóttir og Anna Guðmundsdóttir, til vara Sigurbjörg Guðmannsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir Gæslukonur voru kosnar Dóra Hákonardóttir og Þóra Ögmundsdóttir til vara Hálfa Bjarnadóttir.
Í garðnefnd voru kosnar Hálfa Bjarnadóttir, Björg Hamilsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Hulga Ágústdóttir og Þóra Pálsdóttir. Til að skemmta gamalfólkinu á Sjúkrahúsinu voru kosnar Sigríður Jónsdóttir, Maria Albertsdóttir, Þóra Sigvaldadóttir og Margrét Jóhannesdóttir þá voru lesnar upp almennar um-ræður ma. rætt um kvert ~~félagið~~ félagið ætti að kaupa gardínur ~~á efri hæð~~ fyrir eldhúsgluggá á efri hæð. Að síðustu ~~félagið~~ fyrir konur til að ræða um skemmtikvöld fyrir félagskonur og menn þeirra þar Helena Þranlaug, Kristbjörg Magnúsdóttir Anna Silja Sigurðardóttir Fundarritari Þóra Pálsdóttir

Fundur haldinn í kvenfélaginu Björk föstudaginn 7 maí 1971.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsdóttir setti fundinn og stjörnaði konum. Mættar voru 18 konur.
Fyrst var byrjað á að versla því þetta var aðallega sölufundur.
Þá bauð formaður velkominn nýjan félaga Mögnu Magnúsdóttur. Síðan las formaður upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt
Þá las formaður upp bréf kvenfélagasambandi Íslands, síðan bréf frá skipulagsnefnd kirkjugarða.
Þá var rætt um hvert félagið ætti að bæta á sig meiri prosentu í félagsheimilinu, einnig var rætt um hvert kvenfélagið ætti að kaupa gardínur fyrir eldhúsglugga og var samþykkt að bera það undir kúsnefnd.
Þá var ákveðið að kvenfélagið tæki að sér ölsölu ef Hafnið úr Borgarnesi kæmi

Fundi slitið
Ásdís Pálsdóttir

Samþykkt var að kaupa rúllugardínur fyrir eldhúsglugga í félagsheimilinu.

Fundur var haldinn í kvenfelaginu Björk 23 Ágúst 1971. Mættar voru 13 konur.
Formaður setti fundinn og stjörnaði konum.
Fyrst las formaður upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt. Þá las formaður upp aðalfundargjörð K. B. Þá var rætt um hvert hægt væri að halda veislu fyrir vegagerð ríkisins og fannst konum það varla hægt nema að fá mann að til hjálpar, og var þeim Önnu Guðmundsdóttur og Helgu Ásbjörnsdóttur falið að tala við mann sem þær þekktu.
Þá ræddi skemmtinefnd um ballið nastkomandi laugardag og raðaði niður vinnu.
Þá sagði Anna Guðmundsdóttir að fyrirhugað væri að fara í skemmtiferð með gamlafólkið sunnudaginn 5 september og ætti haffið að vera hér kl 16/30
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
fundarritari
Ásdís Pálsdóttir.

163. fundargerð.

Kvenfélagið "B J Ö R K",
Hvammstanga.

Kvenfélagið "Björk", sem hefur á undanförnum unnið að því að Félagsheimilið eignaðist ýmisleg áhöld, sem nota þarf við veitingar í húsinu svo sem við jarðarfarir, veizluhöld o.fl. er algerlega mótfallið því að þessi áhöld séu lánuð í heimavist unglingaskólans og til veitingareksturs í húsinu, svo þau séu til staðar þegar eigendur þurfa á þeim að halda.
Þessvegna óskar stjórn kvenfélagsins eftir því að stjórn Félagsheimilisins taki fyrir alla slíka lánastarfsemi, þar sem ekki er ástæða til né sanngjarnt að ætlast til þess að hús sem leigð eru fái með í leigunni eldhúsáhöld og borðbúnað.

Hvammstanga, 21.september 1971,

Virðingarfyllst,

Stjórn Kvenfél. "Björk"

_____

_____

_____

Til stjórnar Félagsheimilisins,
Hvammstanga.

164. fundargjörð.

Sunnudaginn 23. jan. 1972 var aðalfundur í Kvenfélagsins Björk á Hvammstanga haldinn í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Formaður félagsins Sigurbjörg Guðmanns setti fundinn og stjórnaði bauð hún konur velkomnar. Fundurinn hófst með kaffidrykkju. Tvær konur frú Sína Kragh og frú Steinþórunn K. Steinþórsdóttir gengu í félagið og voru þær sérstaklega boðnar velkomnar í félagið.
Því nast las formaður upp lög félagsins.
Nast las formaður upp bréf frá Melísabetu Ólafsdóttur þar sem hún segir sig úr félaginu. Bréfinu fylgdu 1000.00 til félagsins, ennfremur þakkar hún gott samstarf á liðnum árum.
Því nast las gjaldkeri Anna Guðmundsdóttur upp reikninga félagsins og skyrði þá, síðan voru þeir sampykktir.
Þá var gengið til kosninga. Ásdís Pálsdóttir átti að ganga úr stjórn en var endurkosin ritari.
Í skemmtinefnd voru kosnar Melsa Bjarnadóttir, Ásta Ögmundsdóttir og Anna Silja Sigurðardóttir til vara Helga Ásbjörnsdóttir, Helga Ágústsdóttir og Hólmfríður Bjarnadóttir.
Í kaffinefnd voru kosnar Valgerður Guðmundsdóttir Guðrún Bjarnadóttir og Björg Memilsdóttir, til vara Dóra Meðvaldsdóttir, Rósa Guðjónsdóttir og Rósa Birna Jónsdóttir. Í 17 júnínefnd voru kosnar Rósa Guðjónsdóttir og Dóra Meðvaldsdóttir til vara Sigríður Meðvaldsdóttir, Hólmfríður Bjarnadóttir og Rósa Birna Jónsdóttir. Endurskoðendur voru kosnir Helga Ásbjörnsdóttir, Síðríður Meðvaldsdóttir og til var Helena Svanlaug.
Í eigendanefnd Félagsheimilisins var kosin

Helsa Bjarnadóttir og til vara Dóra Meðvaldsdóttir.
Fulltrúar á aðalfund kvennabandsins voru
kosnar Sigurbjörg Guðmannsdóttir og Björg Emilsd
til vara 2 Ásdís Pálsdóttir og 1 Helga Ásbjarnadóttir
Í leiknefnd voru kosnar Ásdís Pálsdóttir og
Rósa Birna Jónsdóttir.
Þá var rætt um að hafa árshátíð innan
félagsins, var það sampykkt að hafa hana
seinast í febrúar. Helga Ásbjarnardóttir tók
að sér að sjá um framkvæmdir í samráði
við stjórnina. Þá tók Þóra Sigvaldadóttir
til máls og skilaði pakklæti frá sjúklingum
á Sjúkrahúsinu, en Þóra, Marta Albertsd
og Sigrún Jónsdóttir fóru pangað til að
skemmta vistmönnum þar fyrir jólin
og voru þar allar endurkosnar í þissa nefnd.
Þá las formaður upp bréf frá Kvenfélagasambaradi
Íslands. Því nast raddi Þóra Sigvaldadóttir
um jólatréskemmtunina og taldi hún að allur
helgiblær sé horfinn af henni.
Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið
Ásdís Pálsdóttir
fundarritari.

165. fundargjörð

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk.
23 júní 1972. Mættar voru 13 konur.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsdóttir setti fundinn
og stjórnaði.
Fyrst las formaður upp síðustu fundargjörð og
var hún sampykkt.
Þá gekk Anna Kristín Jónsdóttir í félagið og var
hún boðið velkomin.
Síðan var rætt um kaffisölu og sampykkt
að selja allt kaffi á 125.-
Kosin var vara formaður kosningu hlaut
Helga Ásbjörnsdóttir.
Rætt var um skemmtiferð og var ákveðið
að fara í júli ef næg þátttaka fengist.
Að lokum las formaður upp reikning
leikflokksins og eru 97.000.- í sjóði
Þá var lítillega rætt um hvert ætti að lána
Bingóspjöldin út af staðnum og eru konur því
frekar mótfallnar.
Fundi slitið
Ásdís Pálsdóttir
fundarritari

766 fundur

Fun

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk 24 oktober 1972. Mættar voru 12 konur.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsdóttir setti fundinn og stjórnaði.
Fyrst las formaður upp síðustu fundargjörð og var hún sampykkt.
Þá las formaður upp bréf frá frú Jósefínu Helgadóttur þar sem hún þakkar samstarf á liðnum árum og sendir 1000,- að gjöf.
Síðan sagði frá því að formaður K B hefði látið sig vita að halda ætti formannafunt og raða um þjóðhátíðina 1974 og hvert Vestur-Húnavatnssýsla vildi taka þátt í þessu með Austur-Húnavatnssýslu var málið rætt og helst ráðgert að taka þátt í ~~[illegible]~~ þessari ~~[illegible]~~ þennan dag.
Þá bað Helga um orðið og spurði hvert kvenfélagið ætti að hafa ballið á gamlárskvöld var það sampykkt og lofuðu allar að vinna Þá var rætt um 40 ára afmæli kvenfélagsins og ákveðið að hafa það 15 desember og bjóða kvenfélagskonum úr Sigurósk.
Skipuð var nefnd til að sjá um undir búning þær Hólmfríður Bjarnadóttir, Rósa Guðjónsdóttir og Ásdís Pálsdóttir. Að lokum var rætt um hvert kvenfélagið ætti að kaupa gardínur fyrir búningsherbergin og var það sampykkt.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ásdís Pálsdóttir
fundarritari

167 fundur

Fundur haldinn í kvenfélaginu Björk 12 jan 1973.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsdóttir setti fundinn og stjórnaði. Fyrst las formaður síðustu fundargjörð og var hún sampykkt.
Þáo bað Helga Ásbjörnsdóttir um orðið, og spurði hvernig þessi veisla ætti að vera og hvert mætti bjóða, og var sampykkt að hver kona mætti bjóða einum, manni sínum eða öðrum.
Þá var ákveðið að gefa allt öl.
Anna Guðmunds sagði að formaður K.B. hefði verið með beiðni frá Kvenfélaga sambandi Íslands um að hver kona í kvenfélögum borgaði 25.00 kr til Hallveigarstaða og var sampykkt að kvenfélagið borgaði klut kvenfélagskvenna.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Ásdís Pálsdóttir

169 fundur

Fundur haldinn í kvenfélaginu Björk miðvikudaginn 7 febrúar 1973 í húsi Önnu Guðmundsdóttur mættar voru 15 konur. Formaður Sigurbjörg Guðmannsdóttir setti fundinn og stjörnaði. Fyrst las formaður síðustu fundargjörð og var hún sampykkt. Þá las formaður aðalfundargjörð K. B. Þá var sampykkt að hittast nast hjá Sínu Kragh 21 febrúar, og halda áfram að prjóna en þetta voru aðallega prjónafundir. Fundi slitið

Ásdís Pálsdóttir

170 fundur.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Björk mánudaginn 16 júlí 1973.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsdóttir setti fundinn og stjörnaði honum. Mættar voru 15 konur.
Þá gekk Tryggva Leggertsdóttir í félagið og var hún boðin velkomin.
Aðal fundarefnið var að ræða um skemmtiferð og var ákveðið að fara 12 Ágúst.
Var mestur ákugi fyrir að fara norður á Arskógsströnd og út í Hrísey, eins kom til tals að fara vestur í Vali eða Strandir ef væri betra veður þar.
Þá var rætt í hvað atti að leggja það sem innkomi á skemmtun K. B. og á eitthvað að renna til sjúkrahússins og eitthvað í snjóbil.
Þá var sagt að kvenfélagið hérna atti að sjá um ballið og salgatissölu á móti Staðarhryppskonum á skemmtun K. B. í sumar.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ásdís Pálsdóttir

171 fundur

Fundur haldinn í kvenfélaginu Björk 25 november 1973. Mattar voru 14 konur Fundurinn var í húsi formanns Sigurbjargar Guðmannsdóttur.
Formaður setti fundinn og stjörnaði. Fyrst las formaður síðustu fundargjörð og var hún sampykkt.
Þá var rætt um snjóbíllskaup það var lyonsfélagið sem fór fram á fjörsöfnun málið var rætt síðan sampykkt að gefa 30.000.- kr.
Kvennabandið gefur 100.000.- kr.
Þá las formaður upp fundargjörð af formannafundi þar sem sagt var frá að hægt væri að fá konu Sigríði Halldórsdóttur til að hafa föndurnámskeið þar sem kennt væri tauprikk og fl var nokkur áhugi fyrir því og var akveðið að leyta sér frekari upplýsinga um það.
Þá kom fyrirspurn frá K. B. hvert ætti að hatta við skemmtun K. B. nasta sumar vegna hátíðahaldanna og var það sampykkt, en að félögin gefu sömu upphæð og þau hefðu gefið undanfarið til hlutaveltunar.
Þá las formaður fundargjörð K. B.
Síðan var rætt um að hakka kaffið og komu fram ýmsar skoðanir sumir vildu hakka í 250.- en sampykkt var að hakka upp í 200.- og reikna með 100 manns lágmark. Semsagt mínnsta gjald fyrir jarðarför 20.000.- kr
Filmæli komu frá Hólmfríði Bjarnadóttur um að kvenfélagið athugaði hvert grunnvöllur væri fyrir því að vera með einhversskonar barnagaslu eða dagheimili fyrir börn þeirra kvenna sem vildu vinna úti. Félagskonur gerðu góðan róm að þessu og vildu að hún talaði um þetta við sveitastjóra.

Að síðustu var rætt um jólatréskemmtunina og var akveðið að hafa hana með svipuðu sniði og í fyrra.
Formaður lét þær konur sem þarna voru vita hvað þær attu að baka.
Filmæli komu frá Elsu Bjarnadóttur um að stofna sjóð til hljóðfæra kaupa fyrir barna og unglingaskólann hér á Hvammstanga, sem gæti orðið vísir að stofnun skólahljómsveitar.
Akveðið var að stofna sjóðinn með 10.000.- kr og leggja síðan í kann árlega.
Fleira lá ekki fyrir fundinum
Fundi slitið.
Ásdís Pálsdóttir Anna Guðmundsdóttir.

172. fundur.

Aðalfundur var haldinn í kvenfélaginu Björk sunnudaginn 16 febrúar 1974. Mættar voru 13 konur. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þrjár konur gengu í félagið þær Ásthildur Pálsdóttir og Steinunn Hróbjartsdóttir, voru þær boðnar velkomnar í félagið.
Þá las formaður upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Þá hafði borist bréf frá Náttúrulækningafélagi Akureyrar þar sem farið er fram á fjárstuðning til byggingar heilsuhælis sem þegar er hafinn undirbúningur að í landi Skjaldarvíkur við Akureyri.
Kirgin ákvörðun var tekin í málinu.
Þá las formaður upp ársagnaskýrslu frá Hólmfríði Bjarnadóttur.
Því næst las gjaldkeri Anna Guðmundsdóttir upp reikninga félagsins og skýrði þá og voru þeir samþykktir samhljóða.
Þá las Anna Guðmundsdóttir upp tillögu vegna þjóðhátíðar hald og henti medal annars á það að ýmsir fleiri en félagskundið fólk gæti það komið til með að vinna og beini því til skemtinefnda að hafa forgöngu um það. Næst var rætt um bán á bingóspjöldum burt af staðnum og voru konur því ákveðið mótfallnar. Þá var gengið til kosninga.
Rætt var um að skipta ekki að öllu leyti um í nefndum í einu og fell það í góðan jarðveg.
Gjaldkeri Anna Guðmundsdóttir var endurkosin.
Í skemmtinefnd voru kosnar Guðrún Bjarnadóttir, Björg Kristjánsdóttir og Ingigerður Eggertsdóttir til vara Helga Bjarnadóttir og Helga Ágústsdóttir.

Í skemmtinefnd voru kosnar Sigríður Aðalsteinsdóttir Ásta Ögmundsdóttir og Magna Magnúsdóttir, til vara Helga Bjarnadóttir, Dína Kragh og Rósa Birna Jónsdóttir.
Í 17 júninefnd voru kosnar Svanlaug Sigurðardóttir og Dóra Aðalsteinsdóttir til vara Kristbjörg Magnúsdóttir og Dína Kragh. Fulltrúar á aðalfund K. B. voru kosnar Rósa Guðjónsdóttir og Helga Bjarnadóttir til vara Ásdís Pálsdóttir og Helga Ágústsdóttir og Svanlaug Sigurðardóttir.
Í eigerðarnefnd félagsheimilisins var kosin Sigurbjörg Guðmannsdóttir til vara Anna Guðmundsdóttir.
Endurskoðendur voru kosnar Ásta Ögmundsdóttir og Ingigerður Eggertsdóttir.
Vara endurskoðendur voru kosnar Björg Kristjánsdóttir og Helga Bjarnadóttir. Helga Bjarnadóttir kaus mála á því hvað skemt væri hvað kvenfélagsfundurinn væri notaður sem skemtun og hvað væri hægt að gera til að fyrirbyggja það því tvíg-
Formaður bar fundinum kveðju frá Sigríði Sigurðardóttur en hún dvelur nú á Sjúkrahúsinu.
Kaffidrykkja var þegin að fundarstörfum.
Fleira ekki gert. Fundi slitið
Ásdís Pálsdóttir
fundarritari.

173. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk sunnudaginn 12. 5. 1974. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.
Formaður las upp fundargjörð síðasta fundar og var hún sampykkt. Ný félagskona gekk í félagið, Ragnhildur Karlsdóttir og var hún boðin velkomin. Þá las formaður upp lög félagsins.
Þá voru tekin fyrir nokkur bréf sem félaginu höfðu borist 1. bréf frá kvenfélagasambandi Íslands um norrænt húsmæðraþing sem halda á í Stokkhólmi í haust.
2. bréf frá orlofsnefnd norðlenskrakvenna þar sem boðið var til orlofsdvalar að Laugalandi í Myjafirði frá 15 ágúst til 7 september og áttu umsóknir að hafa borist fyrir 15 maí.
3. bréf frá áfengisvarnaráði þar sem þökkuð var ókvikul barátta kvenfélagasambandsins gegn áfengisbölinu.
4 bréf frá kvenfélagasambandi Íslands þar sem verið var að bjóða ýmsa baklinga og fræðslumyndir, og voru efni bréfanna rætt eftir því sem efni stóðu til. Þá sagði formaður frá fundi sem haldinn var með formönnum kvenfélaganna á fimmtudag 9 - 5 1974.
Þar sem rætt var um vinnu við veitingar á þjóðhátíð sem halda á hér 6 og 7 júlí í sumar og var ein kona úr stjórn félagsins hér tilnefnd til að mæta á fundi hjá kvennabandinu til viðræðna um málið.
Þá kom fram á fundinum að K.B. hefur ákveðið að hafa klutaveltu og kvikmyndasýningu 11 ágúst í stað árshátíðar eins og venja hefur verið undanfarin ár. Þá var kaffihlé.
Eftir kaffidrykkjuna var rætt um að gefa til kirkjunnar til að laga til í kringum hana. og var ákveðið að gefa 50.000,- kr í því skyni.
Síðan var rætt um að fara í skemmtiferð í sumar og voru undirtektir góðar, talað var um að fara einkverntíman í júní ef hægt væri en ekkert ákveðið nánar að sinni.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Fundarritari Ásta Ögmundsdóttir
Ritari Ásdís Pálsdóttir

174. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk, sunnudaginn 1 des 1974.
Mættar voru 8 konur.
Varaformaður Björg Sigurðardóttir setti fundinn og stjórnaði las upp síðustu fundargjörð og var hún sampykkt.
Því næst las hún fundargjörð frá síðasta kvennabandsfundi.
Síðan sagði hún fréttir frá formannafundi sem haldinn var í nóvember, og kom þar margt fram, t.d. hvert félögin hefðu ekki ákuga á að bjóða hvert öðru, gæti það aukið kinningsskapinn ef þau kæmu hvort til annars.
Meinnig sagði hún að kvennabandið ætlaði að hafa kjónadansleik 6 des og væri það fyrir öll félögin í kvennabandinu það væri þjóðhátíðar-dansleikur.
Því næst talaði formaður um væntanlega jólatré skemmtun hvort konurnar vildu hafa það með svipuðu sniði og vant er, eða breyta eitthvað til.
Var ákveðið að hætta við eplin, en hafa í þess stað sælgætispakka og gefa bornunum um leið og þau fara. Ákveðið var að hafa kaffiveitingar með sama sniði og vant er. Jólatréskemmtunin skuli vera sunnudaginn des ef húsið fæst.
Rætt var um Gamlárskvöldsdansleikinn, og ákveðið var að hafa það líkt og vant er.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundislitið.

Fundarritari Anna Guðmundsdóttir
Ritari Ásdís Pálsdóttir

175. fundur.

Aðalfundur var haldinn í kvenfélaginu „Björk," laugardaginn 25 janúar 1975. Mættar voru 10 konur.
Varaformaður Björg Stefanía setti fundinn og stjórnaði.
Fyrst las formaður upp síðustu fundargjörð ~~og var~~ hún sampykkt.
Síðan las formaður úrsagnarbréf frá Mögnu Magnúsdóttur og þótti konum miður.
Þá sýndi formaður konum bréf frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og gerði fyrirspurn hvort konur hefðu ákuga á námskeiði þar sem kennd væri vinna úr ísl. ull og bandi, en frekar lítill ákugi var fyrir því.
Þá gerði formaður fyrirspurn hvort konur hefðu ákuga fyrir að fá Ola Val í vor til að líta á garða og leiðbeina með þá.
Meinnig lítill ákugi fyrir því.
Þá las gjaldkeri Anna Guðmundsdóttir, upp reikninga félagsins og skírði þá, síðan voru þeir sampykktir. Því næst voru kosningar.
Ritari Ásdís Pálsdóttir átti að ganga úr stjórn hún var endurkosin.
Kosnar voru tvær konur í skemmtinefnd með Ástu Ögmundardóttur kosningu hlutu Dóra Meðvaldsd og Álfhildur Pálsdóttir Ákveðið var að kjósa í skemmtinefnd 2 konur annað árið og 1 konu hitt árið. Til vara voru kosnar Rósa Guðjónsd og Sigríður Meðvaldsdóttir og Rósa Birna.
Í 17 júninefnd voru kosnar Helena Svanlaug og Kristbjörg Magnúsdóttir til vara Helga Ágústsdóttir og Rósa Guðjónsdóttir.
Kosin var í kaffinefnd Melsa Bjarnadóttir með þeim Guðrúnu Bjarnadóttur og Tryggvu Meggertsdóttir

Til vara Rósa Guðjónsdóttir, Sigríður Meðvaldsdóttir og Rósa Birna.
Kosnir voru hvir fulltrúar á aðalfund K.B. þær Rósa Guðjónsdóttir og Helga Ágústsdóttir til vara Margrét Jóhannesdóttir og Ásdís Pálsdóttir. Þá var sampykkt að gefa 5.000.00 kr í hljóðfarakaupasjóð barnaskólans.
Sampykkt var að gefa Björgunarsveitinni 50,000.00 kr til takjakaupa eða útbúnaðar sem þá vantaði helst. Því næst var ákveðið að hafa handavinnu kvöld í febrúar.
Að sjálfsögðu var drukkið kaffi eins og venjulega á aðalfundum. Fleira ekki fyrir. Fundi slitið

Ásdís Pálsdóttir
ritari.

176. fundur.

Fundur haldinn í kvenfélaginu „Björk," sunnudaginn 11. maí 1975.
Varaformaður Björg Stefanía setti fundinn og stjórnaðe. Mættar voru 15 konur. Fyrst las formaður upp síðustu fundargerð og var hún sampykkt.
Þá skírði formaður frá að á síðasta fundi K.B. hefði verið ákveðið að hækka verð á seldu kaffi. Veislukaffi yrði á kr 500.00 fundarkaffi 350.00,- réttarkaffi 300.00 molakaffi 100 400.00 en sala á jarðarfararkaffi væri frjálst í félöguneum. Nokkuð var rætt um kaffið og jarðarfarakaffi ákveðið á kr 400,00 og væri lágmark þess kr 20,000,00 miðað við 50 bolla og færri en lækka bollann niður í 300.00 ef 150 manns eða fleiri drykkju.
Þar næst sagði formaður frá því að kvenfélagið ætti að vinna á skemmtun K.B. í sumar, og hver kona ætti að gefa 5 muni á klutaveltuna og kvenfélagið ætti að borga 300.00 kr fyrir hverja félagskonu. Þá sagði formaður að fara ætti skemmtiferð með gamlafolkið í sumar og kaffi ætti að drekka í skólanum í þverárhreppi.
Þá sagði formaður frá því að hringt hefði verið frá Skagaströnd og óskað eftir stuðningi við Heilsugæslustöð H I á Skagaströnd og hefði stjórnin samið skeyti og sent til Heilbrigðis ráðuneytisins. Helsa vakti máls á hvort ekki væri rétt að skrifa Guðrúnu Benediktsdóttur þingmanni okkar og reka á eftir Heilsugæslustöðinni hér. Þá las formaður upp bréf frá hreppsnefnd Hvammstangahrepps þar sem beðið er um sneið neðan af kvenfélagsgarðinum 15 mtr.

Þóra Sigvaldadóttir las upp gjafabréf frá Sig Davíðssyni fyrir landi undir gamla garðinum og var því bréfi þinglýst. Síðan las Þóra upp bréf frá Bóðvari Péturssyni sem gaf uppdrátt af garðinum og leiðbeindi um plöntukaup. Þóra þakkaði konum fyrir það sem þær hefðu gert fyrir garðinn, síðan las Þóra kvæði til félagsins frá ónefndum, þá las Tryggva annað kvæði frá N. N.
Miklar umræður urðu um málið.
Tryggva taldi að um litla skerðingu væri að ræða þó tekið væri neðan af garðinum ef örugglega yrði hægt að halda hinu og skipu leggja upp á nytt. Tólf konur greiddu atkvæði á móti því að láta nokkuð af garðinum, og ekki mætti byggja neðan við hann.
Ragna Karlsdóttir var á móti því að láta nokkuð af garðinum, taldi hún að hreppsnefnd myndi ekki taka neitt af garðinum ef konum væri fast í hendi með hann, en hefðu verið að kanna málið, jafnvel að þeir hefðu heyrt eitthvert gaspur um að konum væri sama um garðinn og vildu jafnvel losna við hann.
Þá var gefið kaffihlé því konur voru orðnar mjög þyrstar. Á meðan kom Sig Kiríksson og sagði frá áætlun og framlögum til félagsheimilisins og hvað væri eftir að gera. Elsa hafði farið á eigendanefndarfund, þar kom fram hvort kvenfélagið vildi bæta við sig einu prósenti þar sem skipta ætti niður hlut ungmennafélagsins í Kirkjuhvammshreppi. Samþykkt var að taka þennan hlut að sér og á þá kvenfélagið að borga kr 64.000,00 á þessu ári.

Ákveðið var að fara í skemmtiferð í sumar ef efni væru til þess. Þá spurði Elsa hvort kaffinefnd væri skyldug til að taka að sér kaffi t.d. fyrir 6-8 manns, nokkuð var rætt um þetta en kaffinefnd voru gefnar frjálsar hendur um málið. Þá talaði Elsa um garðinn, ef við héldum honum þá þyrfti að kaupa meira í hann og hvort ekki væri rétt að fá stúlku til þess að hirða hann og voru konur því klyntar. Þóra tók í sama streng og Elsa um að fá einhverja til þess að hirða garðinn.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ásdís Pálsdóttir
fundarritari.

Bréf til hreppsnefndar Hrammstagahrepps.
Fundur haldinn í kvenfélaginu Björk 11. maí 1975.
Þar var rætt bréf frá hreppsnefnd Hrammstangahrepps þar sem farið var fram á sneið neðanaf kvenfélags garðinum. Mættar voru 15 konur, 12 greiddu atkvæði á móti því að skerða garðinn á nokkurn hátt, þar sem þetta sé eina auða svæðið sem eitthvað sé reynt að gera fyrir.
Sérstaklega var talið fráleitt að byggja fyrir neðan garðinn, því það skyggði á hann. Hafa konur áhuga á að lagfæra og prýða eitthvað svæðið fyrir neðan garðinn.

177. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk
þann 9 júní 1975.
Mættar voru 11 konur.
Ekki var lesið fundargerð síðasta fundar
en ákveðið að lesa hana á næsta fundi
ef fleiri konur mættu.
Formaður Björg Sigurðardóttir byrjaði á að
lesa upp bréf sem stjórn félagsins hafði
sent tveimur þingmönnum þeim Matthiasi
Bjarnasyni og Guðrúnu Benediktsdóttur.
Óskaði stjórnin eftir að þau gerðu það sem
þau gætu til að þingið sampykkti byggingu
heilsugæslustöðvar H 2 hér.
Síðan, var rætt um fyrirhugað ferðalag
kvenfélagsins. Var ákveðið að fara norður
á Arskógströnd og paðan á bát út í
Hrísey. Men þeir sem ekki hefðu áhuga
á bátsferðinni fengju að fara í hringferð
um Svarfaðardalinn á meðan.
Gert var ráð fyrir að borða á Akureyri
í bakaleiðinni. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið
Anna Guðmundsdóttir ritari
A. P.

178. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk
5 nóvember 1975. Mættar voru 13. konur.
Formaður Sigurbjörg Guðmannsdóttir setti fundinn
og stjórnaði konum, þá gengu tvær konur í
félagið þær Ása Guðmundsdóttir og Torfhildur
Steingrímsdóttir og voru þær boðnar velkomnar.
Formaður las upp fundargerð síðasta fundar og
var hún sampykkt, þá var einnig lesin upp
upp fundargerð frá fundi sem haldinn var
11. maí en hafði ekki verið lesin fyr
vegna fámennis á fundum.
Síðan var lesið frá Kvennasögusafni Íslands
og rætt efni þess, ákveðið var að panta blaðið
húsfreyjana á vegum félagsins fyrir þær konur
sem vildu, mun það vera eitthvað ódýrara
að kaupa blaðið þannig.
Anna Guðmundsdóttir las bréf sem félaginu
hafði borist frá skólastjóra Sigurði Þorsteinsyni
grunnskólans á Hvammstanga þar sem þann
þakkar félaginu fyrir hljóðfærakaupasjóð sem
félagið stofnaði fyrir skólann árið 1974,
einnig spurði skólastjóri hvert ekki mætti
nota af þessum sjóði til ~~að~~ kaupa á
Formaður Sigurbjörg Guðmannsd. setti fundinn og stjörnaði konum. Fundinn sálu 16 konur.
Þá las formaður fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða, síðan voru lesin upp lög félagsins.
Þá var lesið bréf frá Helgu Ágústsd. þar sem hún sagði sig úr félaginu og sendi því að gjöf 2 mjög fallega gyllta kertastjaka ásamt hlýjum framtíðaróskum,
voru konur mjög leiðar yfir úrsögn hennar.
Einnig sendi Marta Albertsd. félaginu kr. 5000.- að gjöf.
Síðan voru innheimt árgjöld félagskvenna.
Anna Guðmundsd. færði félaginu fundarhamar að gjöf, hafði hún búið hann til sjálf, fannst fundarkonum þetta að vonum góð gjöf og mjög þörf, þar sem stundum gerist mikill kliður á fundum er margar tala í einu og þá oft um ólíkustu málefni, en með tilkomu þessa hamars mun aðstaða fundarstjóra breytast mjog til hins betra.
Næst las gjaldkeri Anna Guðmundsd. reikninga félagsins fyrir árið 1978 og skýrði þá, voru þeir samþykktir.
Formaður sagði frá því að beðið hefði verið um mat og kaffi fyrir aðalfund K. V. H. þann 29. og 30. mars n.k. og var samþykkt að taka það að sér, ennfremur var beðið um kalt borð fyrir 150 manna veislu 21. april, leist konum ekki á að taka það að sér og var ákveðið að gera það ekki.
Þá var gefið kaffihlé og hvild frá fundarstörfum um stund, terlur voru með færra móti og rytjulegri en að venju á aðalfundum enda ný kona komin í stjörn frá síðasta aðalfundi.
Eftir kaffihlé var tekið til við kosningar, fyrst var kosinn nýr formaður í stað Sigurbjargar Guðmannsd. sem ekki gaf kost á sér áfram, kosningu hlaut

Rósa Guðjónsd. með 6 atkvæðum; til vara Tryggva Eggertsd. með 4 atkvæðum.
Úr skemmtinefnd gengu Helena Svanlaug og Sigríður Eðvaldsd. í þeirra stað voru kosnar Erla Vignisd. og Ingibjörg Karlsd. með Agnesi Magnúsd. sem átti að vera áfram, til vara Hildur Jakobsd. Álfhildur Pálsd. og Unnur Ólafsd.
Kaffinefnd var einróma endurkjörin þær Björg Emilsd. Guðrún S. Bjarnad. og Ása Guðmundsd. til vara eru Kristbjörg Magnúsd. Sigurrós Ríkharðsd. og Torfhildur Steingrímsd.
Í 17. júní nefnd hlutu kosningu, Dóra Eðvaldsd. og Rósa Birna, til vara Tryggva Eggertsd. og Guðrún Benediktsd.
Fulltrúar á sambandsfund voru kosnar Guðrún Benediktsd. og Tryggva Eggertsd. til vara Björg Emilsd. og Ásdís Pálsd.
Úr leiknefnd gengu þær Erla Vignisd. og Rósa Birna, í þeirra stað voru kosnar Unnur Ólafsd og Kristbjörg Magnúsd. með Ásdísi Pálsd sem var áfram í nefndinni, til vara Inga Guðmundsd. Ragnhildur Karlsd. og Sigríður Eðvaldsd.
Þá var kosin 1 kona í garðnefnd í stað Helgu Ágústsd. kosningu hlaut Guðrún Benediktsd.
Í endurskoðun með Álfhildi Pálsd. í stað Rósu Guðjónsd. var Ragnhildur Karlsd. kjörin einróma, til vara Helena Svanlaug.
Að lokum voru kosnar 3 konur til að fara í heimsókn til aldraðra á sjúkrahúsinu, kosningu hlutu Hildur Jakobsd. Anna Guðmundsd. og Ásdís Pálsd.
Til vara Dóra og Tryggva.
Þá voru lesnir reikningar leikflokksins á Hvt. fyrir árið 1978.
Síðan var rætt um hverjar væru fáanlegar til að mæta frá kvenfélaginu í spurningakeppnina hjá USVH. sem á að hefjast í Viðihlíð 25. febrúar n.k.

Agnes var sú eina sem búin var að lofa að fara og nú vantaði tvær að auki, voru margar nefndar til fararinnar en annaðhvort voru konur svo feimnar eða gleymnar að þær töldu sig alls óhæfar til þessa mikla vanda,
að lokum varð það helst ofaná að senda Sillu og Rósu Guðjóns. þar sem þær myndu vara þroskaðri og eldri í hugsun en hinar yngri skvísur innan félagsins.
Ásdís bar fram tillögu um það hvert kvenfélagið ætti ekki að gefa eitthvað í styrktarsjóð sjúklinga hér við sjúkrahúsið, til minningar um Margréti Halldórsd. hjúkrunarkonu, sem er nýlátin, en Margrét stofnaði þennan sjóð á sumardaginn fyrsta árið 1933 með 6000,- kr. framl. sem hefur verið mikill peningur þá.
Samþykkt var að gefa 10.000,- kr. í sjóðinn og einnig var ákveðið að gefa innrammaða mynd af Margréti sem varðveitt væri á sjúkrahúsinu til minningar um hana og störf hennar hér, var Sillu falið að ath. um þetta mál nánar fyrir hönd félagsins.
Rósa Guðjónsd. sagði frá því að Gunnar Honráðsson hefði boðið kvenfélaginu að smíða gönguhlið á garðinn, var því vel tekið, en ekki komst í verk að taka fullnaðar ákvörðun um hvert þetta góðaboð yrði þegið og mun það bíða næsta fundar.
Að lokum var rætt um það hvert kvenfélagskonur vildu ekki vinna sjálfar við rækju ef okkur áskotnaðist hún eins og undanfarin ár, og var það samþykkt með ánægju, og ætlaði Svanna að ræða við sjómenn þá sem hafa gefið okkur rækju undanfarið, hvert þeir færu ekki einn túr fyrir okkur núna.
Einnig var lítillega á það minnst að við værum nú orðnar svo ríkar að við þyrflum að fara að gera eitthvað í þeim málum að losna við eitthvað af öllum þessum peningum, en ekki nein ákvörðun tekin í því máli. Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slítið.

Ásta Ögmundsd. ritari.

198 fundur.

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 21. mars. 1979
Nýr formaður Rósa Guðjónsd. setti fundinn og stjórnaði honum.
Bað hún Ásdísi Pálsd. að rita fundargerð og Áslu Ogmundsd.
að lesa síðustu fundargerð, og var hún sampykkt.
Þá var rætt bað Gunnars Konráðssonar, að smíða gönguhlið
á kvenfélagsgarðinn og var það boð þegið.
Einnig var rætt um að laga þyrfli gömlu grindina.
Þá spurði form. hvert konur vildu ekki fara að gefa
peninga þar sem að svo mikið væri nú til af þeim,
Dóra Eðvaldsd. kom með þá tillögu að gefa eitthvað í
sundlaugarbyggingu Sjálfsbjargar í Reykjavík,
málið var rætt og sampykkt að gefa kr. 100.000,-
Eitt hundrað þúsund krónur til hennar.
Þá var einnig sampykkt að gefa til sundlaugarbyggingar
hér á staðnum kr. 1.000.000.- Eina miljón krónur
Þá sagði form. frá því að sumardagurinn fyrsti yrði
léttur í ár, og þyrfli ekki að hugsa fyrir honum nema
skrúðgöngunni og því sem henni fylgdi, því ákveðið
væri að leikfél. Skagfirðinga kæmi og sýndi hér
Kardemommubæinn þann dag.
Dóra Eðvaldsd. sagði frá því að hún hefði rætt við Valgarð
Guðmundsson um matreiðslunámskeið fyrir eiginmenn
kvenfélagskvenna, og tók hann því vel ef næg þátttaka
fengist. Þá var rætt um og ákveðið að ef eiginmaður
gæli ekki (nennli ekki) farið þá mætti senda son í
hans stað. Þátttaku þyrfli að tilkynna fyrir mánaðamót
því námsskeiðið yrði seint í apríl.
Þá var gefið kaffi, því konur voru farnar að hóta að fara
heim, en lítið þotti með kaffinu aðeins ein terta.
Meðan kaffið var drukkið kom Dóra með þá tillögu
að breyta til með 17. júní skemmtunina, hafa hana
úti t.d. uppi í Kirkjukvammi, hafa þar allskonar
leiki og íþróttir og fjölskyldudansleik um kvöldið á

oliumölinni hjá félagsheimilinu og selja ekki inn á
neitt af þessu.
Málið var rætt og margar spurningar vakna hvernig
yrði með kostnað af slíku samkomuhaldi, fyrst
þyrfli að ræða við hin félögin sem standa að 17. júní
hátíðahöldunum.
Að lokinni kaffidrykkju var fundi framhaldið og
sagði formaður frá að hringt hefði verið til sín
frá Blindrafélaginu og spurt um hvert kvenfélagið
vildi annast sölu á happdrættismiðum þess, þeir
kosta 1000,- kr. stykkið
sampykkt var að reyna sölu á nokkrum miðum.
Þá var rætt um hvort halda ætti fleiri handavinnukvöld
en ekkert var ákveðið.
Fleira ekki gert. Fundi slitið
Ásdís Pálsd. fundarrit. Á.Ö. rit.

199 fundur.

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 7. júní 1979
Formaður, Rósa Guðjónsd. setti fundinn og stjórnaði honum.
Bauð hún konur velkomnar, ein kona gekk í félagið
Birna Þorbjörnsd. var henni vel fagnað, 16 konur vorumættar.
Lesin var fundargerð síðasta fundar og var hún sampykkt.
Þá var lesin fundargerð aðalfundar K. B. 1979.
Síðan var drukkið kaffi.
Rætt var um kaffiverð, var sampykkt að hækka verð
á jarðarfarar og fundarkaffi í kr. 1200,- en heimilt
er að gefa afslátt ef margir drekka, lágmarksverð sé
fyrir 50 manns (60.000,- kr.)
Veislukaffi verði á kr. 2.000,- pr mann.
Rætt var um þrif á félagsh. ekkert ákveðið.
Þá var rætt um garðinn, vinnuna þar og smíði á

slitsgrind. Ákveðið var að breinsa gardinn
sameiginlega, byrja mánudagskvöld.
Samþykkt var að kommunar skiptust á vinnuafl.
í sumar, en fái pillta til að slá.
Rædd voru peningamál, landbreinsun, sund-
-laugarbyggingu og fleira.
Ýmislegt ódugi var fyrir skemmtifund, var
ráðgert að fara eitthvað í sumarátt að þessu
sinni og bjóða sjómönnum og þeim sem unnu
við ræktunina ásamt kommunum.
Rætt var um og ráðað niður vinnu 16 og 17 júní.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Sigurbjörg Guðmannsd. fundarritari Á.Ö. rit.

200 fundur

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk fimmtud. 8 nóv. '79
Formaður, Rósa Guðjónsd. setti fundinn og bauð
fundarmenn velkomna; þó sérstaklega Magneu
Guðjónsd. sem gekk í félagið á fundinum.
Síðan var fundargerð síðasta fundar lesin og samþ.
Lesið var upp bréf, þar sem kommun var beðin
ásvirkt afmælisriti í tilefni af sjötugsafmæli
Ömmu Sigurbardóttur. Hefur hún unnið braut-
ryðjendastarf í ramnsóknum á kvennasögu.
Rætt var um að fá námskeið í matreiðslu,
kennslu í vefnaði, og jólaskreytingum.
Ákveðið var að styrkja Grunnskólann til kaupa
á hljómflutningstækjum
þó var ákveðið að hafa handavinnukvöld
hálfsmánaðarlega (á fimmtudagskvöldum)
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið
Ragnhildur Karlsd. fundarritari Á.Ö. rit

Fundur haldinn í kvenfél. Björk 6. des. 1979
formaður setti fund og sýrmati kommum og sagði
hún frá afhendingu 320.000,- kr gjafar til skólans
til kaupa á hljómflutningstækjum,
sem sú gjöf í myög góðar þarfir.
Þá minnig stendur til að kvenfélagið gefi leikskólanum
eitthvert tæki, þórveig forstöðukona benti á brauðristartæki.
Ýrði gjöfin þá um 200,000,- kr með nokkrum
krasellum.
Síðast var að jólaballinu og kaffistri fyrir það ákveðið
var að hafa það svipað og undanfarið og kaka
hannska við marenskökum og hafa þá helduer
minna af skrautskökunum.
Síðast er að þrí að hafa skemmtunina laugard. 29. 12
Fleira ekki rætt, fundi slitið
Ingunn Ólafsdóttir fundarritari Á.Ö. rit.

202. fundur.

Aðalfundur var haldinn í kvenfél. Björk laugard 26.1.'80
í félagsh. stk. 17 konur sátu fundinn.
Varaformaður Þryggva Eggertsd. setti fundinn og sýrmati
konum, lesin var fundargerð síðasta fundar og var hún
samþykkt, síðan voru lesin lög félagsins.
þá voru lesin upp 3 þakkarbréf frá þeim Ömmu K. Jónsd.
Sigurrós Ríkarðsd. og Hildi Kr. Jakobsd. sendi Hildur
félaginu að gjöf 2 fallega blómavasa
Síðan voru lesin nokkur bréf er borist höfðu frá síðasta
fundi. Bréf frá þóru Sigvaldad. þar sem hún þakkar
fyrir afmælisgjöf er kvenfél. færði henni á áttræðisafmæli
hennar 3. maí s.l.
þakkarbréf frá blindravinafél. Ísl. fyrir merkjasölu
er kvenfél. sá um hér. Bréf frá NLFA þar sem farið

er fram á að kvenfél. styrkji þá byggingu heilsuhælis sem risa á í Bjarnarskógi við Akureyri.
Og síðast bréf frá kvenfélagasambandi Ísl. þar sem óskað er eftir fúlli. til fjáröflunar fyrir H.Í.
Lesnir voru reikningar kirkjuklúbbsins á Hót. fyrir 1979.
Gjaldkeri Anna Guðmundsd. las reikninga félagsins og skýrði þá og voru þeir samþykktir.
Ákveðið var gjöf frá klúbbi Alberts.d. til félagsins kr. 5.000,-
Þá voru kosningar næst á dagskrá, gjaldk. Anna Guðmundsd. ákvað að ganga úr stjórninni, en hún gaf kost á sér áfram.
Þá var kosin 1 kona í skemmtinefnd í stað Agnesar með þeim Karli og Ingibjörgu Harðard. kosningu hlaut Ragnh. Harðsd. til vara Sigurbjörg Guðmannsd. Álfhildur Pálsd. og Ammur Ólafsd.
Í kaffinefnd í stað Ásu Guðmundsd. og Bjargar Emilsd. með Sigurbjörgu Bjarnad. hlutu kosningu Ásdís Pálsd. og Sigríður Edvaldsd. til vara Agnes, Kristbjörg og Svanlaug.
Í 17. júní nefnd í stað Rósu Birnu, með Dóru Edvaldsd. var kosin Björg Emilsd. til vara Þrúður og Ása.
Þá var kaffihlé, og veitti sannarlega ekki af því, konur voru orðnar lasðir þreyttar og svangar af langri fundarsetu.
Að kaffidrykkjunni loar það helst til tíðinda að frúnhalda mokkur með einhverju duttu jólkli í miðjunni vakti óskipta athygli fundarkvenna og var ýmsum gátum að því leitt hvernig fyrirbæri þetta hefði til orðið, var loksins sátum fyrnagreind eftir beslu gátu, en engar örugglar niðurstöður fengust.
Eftir kaffihlé var kosningum fram haldið.
Í sambandsfund voru endurkjörnar einróma þær Þrúður Eggertsd og Guðrún Benediktsd.
Til vara Björg og Ásdís.
Úr kirkjunefnd mátti ganga Ásdís Pálsd. en hún gaf kost á sér áfram með þeim Kristbjörgu og Unni Ólafsd.
Til vara eru Inga, Ragnhildur og Sigríður Edvaldsd.
Þá var kosin ein kona í endurskoðun með Ragnh. Harðs kosningu hlaut Sigurbjörg Guðmannsd. til vara Svanl.
Að lokum voru kosnar 2 konur til að fara í heimsókn á elliheimilið með Önnu Guðmundsd. sem var áfram kosnar voru Þrúður og Björg til vara Margrét og Kristbjörg.
Þá voru innheimt árgjöld félagskvenna.
Ákveðið var að gefa 30.000,- kr í líknarsjóð grunnskólans þar sem það gleymdist að gefa 15.000- í fyrra, en það er framlagið sem ákveðið hafði verið að gefa árlega.
Þá ræddi Rósa Guðjónsd. um það hvort við ættum ekki að senda H.Í. afmælisgjöf í tilefni 50 ára afmælis þess í vor, var því vel tekið, málið rætt og ákveðið að gefa kr. 100.000,- og var Önnu falið að afhenda gjöfina.
Að lokum var rætt um hvað við ættum helst að gera í á næstunni og var mikill áhugi fyrir saunabaði, kvöldpotti og sundlaug, ákveðið var að fela Ragnhildi Harðsd. að athuga um verð á saunabaði.
Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Ásdís Ögmundsd. ritari.

Fundur haldinn í kvenf. Björk 14. febr. 1980
fundinn sátu 15 konur.
Form. Rósa Guðjónsd setti fundinn og stjórnaði honum.
Fryggva las fundargerð síðasta fundar, sem var aðalfundur, var fundargerðin samþykkt.
Rædd voru fjármál félagsins og hvert það ætti að greiða allan kostnað af fyrirhuguðu saunabaði með nauðsynlegri aðstöðu, sem koma á við sundl. en það er saunaklefi með ofni og frágenginni innréttingu, hvildarherbergi með kojum, ljósastofa með lampa og bekk, ásamt skápum og bekk í ganginn.
Samþykkt var samhljóða að greiða 4,6 miljónir, sem er kostnaðaráætlum vegna þessa verks (31.1.1980)
Falsverðar umræður voru um hin og þessi málefni eins og venja er.
Minnst var á hvert félags konur ætlu að prjóna á sjómennina, engin ákvörðun tekin.
Þá var drukkið kaffi, fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Fundarritari Dóra Eðvaldsd. Á.Ö. rit.

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk 27.3.1980
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.
Nýr félagi tekin í hópinn, Guðrún Kolbrún Hauksdóttir og var hún boðin velkomin. Lög félagsins lesin (upprifjun) þá lesin fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
Þess gelið að búið væri að afhenda Björgunarsveitinni 10 pör af sokkum, vettlingum og lambhúshettur,
Glaðningur kvöldsins var ávísun að upphæð kr. 2.151.748 fyrir rækjuna okkar.
Samþykkt var að hækka jarðarfarar kaffi úr 1200.- kr í kr. 1500.-
Rætt var um að senda tillögu til Kvennabandsins um kaffiverð, þannig að fundakaffi hækki úr kr 1500.- í kr 2000.- til kr 2500.- og annað kaffi hækki samsvarandi.
Samþykkt var að hafa sumardaginn fyrsta með hefðbundnum hætti.
Ásta kom með tillögu um að styrkja rauðakross-deildina með kaup á nýjum sjúkrabíl.
Tillögunni vel tekið, en ekkert ákveðið.
Á fundinum voru 12 konur.
Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið

Fundarritari Inga Guðmundsd. Á.Ö. rit.

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 30. apríl 1980
á fundinum mættu 18 konur.
form. Rósa Guðjónsd. setti fundinn og bað Ragnh. Karlsd.
að vera fundarritara.
Þá las fundarritari síðustu fundargerð og var hún samþykkt.
Þá var lesið bréf sem kvenfél. Aðlaði að senda á aðalfund
K.Í. með tillögum um hækkun kaffiverðs.
Síðan voru lesin fyrir mörg bréf er borist höfðu
félaginu frá síðasta fundi.
Fyrst bréf frá Handprjónasambandi Ísl. þar sem
það kynnir starfsemi sína.
Kort frá Þóroddi og Debóru þar sem þau þakka fél.
fyrir aðstoð við veitingar við jarðarför Guðrúnar Jónsd.
Bréf frá Rauðakrossdeild Hút. þar sem óskað var eftir
fjárstyrk til kaupa á nýjum sjúkrabíl,
var málið rætt og síðan samþ. samhljóða að gefa
kr 1.000.000,- einna miljón - krónur
Þá var rætt um hvert við ættum að hætta að hafa
barnaskemmtunina á sumard. fyrsta, en Lilla Páls.
hafði boðið okkur að skila deginum til sín ef við
vildum losna við þessa skemmtun sem við höfum
haft þá (en þessi skemmtun var upphaflega. á hennar
vegum og fleiri) málið var rætt, og síðan samþ. að
skila honum, ef einhver vildi taka við og hafa þessa
skemmtun, en hún kæmi ekki fella niður.
Síðan var rætt um ferðalag í sumar, eins og að undanförnu
og var áhugi fyrir því og voru Jóanna og Agnes
tilnefndar til að sjá um ferðalagið. Þá var orðið gefið laust
Björg ræddi um 17. júní hátíðarhöld og dansleiki í samb.
við þau. Fleira ekki frekt fyrir. Fundi slitið.

Þóra Sigmundsd. rit.

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 15. maí 1980
Mættar voru 11 konur, formaður setti fundinn og bauð
konum, bað Þórdísi að vera fundarritara.
Þá las Ólöf Ólafsd. fundargerð síðasta fundar og
var hún samþykkt.
Þá las hún upp þakkarkort frá Kvenfélagasambandi
Ísl. fyrir afmælisgjöf kr: 100.000,- eitt hundrað þúsund
krónur í tilefni 50 ára afmælis þess.
Að síðustu las Ólöf upp bréf frá Hrannmsbúngalow. þar
sem þakkað er samtalegt framlag kvenfél. Björk skv.
bréfi kr: 1.600.000,- Þjórar miljónir og sex hundruð þúsund
krónur - til kaupa á saumavél, hjólalampa og innréttingu
í saumaklefa.
Þá var rætt um ferðalag sem ætlað að fara 21. eða 28. júní
eftir því hvor helgin þætti betri og þyrfti helmingur
félagskvenna að taka þátt í ferðinni, ráðgert var að
fara upp á Hvannavelli og Herðingarfjöll og suður af og
gista á Laugarvatni. Þetta yrði tveggja daga ferð.
Kvenfél. á að borga bílinn og gistingu fyrir gömlu
konurnar, ef þær fara með, en hinar borguðu gistinguna
sjálfar. Það á að hafa með sér nesti, sko gæti hver
og einn keypt sér mat eða kaffi eftir því sem þeir vilja.
Þær sem ekki vilja vera menn mega bjóða einum með sér.
Svo á að bjóða sjómönnunum og þeim sem unnu við
ratsjána með okkur, einnig ætlað að bjóða forsjónunum
Hreini Halldórssyni og Karli Sigurgeirssyni.
Þá voru sagðar fréttir af aðalfundi K.Í.
Hlutavelluminjarnir kosti kr. 200,- stk. Sumarskemmtunin
á að vera 26. og 27. júlí á Hvammstanga. Skátaforingjar
frá Siglufirði leika fyrir dansi, hver dagur gefi 6 manni
á hlutaveltuna. Kvenfélagið borgi sem svarar 1.000,- kr.

af hverri konu. Ákveðið var að hafa lágmarksgjald á minningarkorlum K.B. kr. 500,-
Þá var rædd kaffisala hjá kvenfélagum og samþykkt að hækka kaffiverð.
Jarðarfarakaffi, réttakaffi og fundakaffi mætti selja á allt að kr. 2.500,- og veislukaffi á kr. 3.500,- og molakaffi á kr. 400,-
Og lýkur hér að segja frá aðalfundi K.B.
Þá var rætt nokkuð um kaffiverðið og samþykkt að selja funda og jarðarfarakaffi á kr. 2.000,- veislukaffi á kr. 3.500,- og molakaffi á kr. 400,-
Þá var rætt um að þegar fleiri en 150 manns væru mætti hækka þá bolla sem umfram það eru
Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Fundarritari Ásdís Pálsd. Á.Ö. rit.

207 fundur.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Björk 28. sept 1980
Fryggva Eggertsd. varaformaður setti fundinn og sljórnaði konum, í forföllum Rósu Guðjónsd.
Mættar voru 13 konur á fundinn.
Fryggva las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
Síðan las hún upp fundargerð frá aðalfundi Kvennabandsins.
Lögð var fyrir fundinn beiðni frá félagsheimilinu um fjárframlag til kaupa á flygli sem það hugðist festa kaup á,
allar konur á fundinum voru samþykkar því að kvenfélagið gæfi einhverja upphæð til kaupanna en ekki alveg sammála um hvað hún ætti að vera há.
Samþykkt var síðan samhljóða að félagið gæfi 1 miljón kr.
Rætt var um að halda námskeið í einhverskonar föndri, fyrir kvenfélagskonurnar, ákveðið var að athuga hvort hægt væri að fá einhverja konu af staðnum til að kenna á því námskeiði, voru Anna og Ásta settar í að athuga málið. Þá var rætt um jólaskraut og fleira.
Síðan var tekin til athugunar kaffisala félagsins og þótti konunum þurfa að hækka verð á kaffi sem félagið seldi
Samþykkt var að selja veislukaffi á kr. 3.500.-
og jarðarfarakaffi á kr. 2.300.- en kaffinefnd heimilt að hækka það verð á bolla, sem væri yfir 150.
Einnig var samþykkt að félagið tæki ekki að sér að sjá um kaffi fyrir færri en 50 manns.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Dóra Eðvaldsdóttir fundarritari (Á.Ö. rit)

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk 4. des. 1980
mætlar voru 17 konur.
Formaður Rósa Guðjónsd. setti fundinn og bauð velk.
3 nýjar konur, sem gengu í félagið, það voru
Theódóra Gíslad. Rósa Friðriksd. og Jóhanna Jósefsd.
Rósa las upp síðustu fundargerð, og var hún samþ.
Síðan var rætt töluvert um barnaballið og ákveðið að
halda það sunnudaginn 28. des. kl. 3-6
Samþykkt var að hætta að gefa krökkunum á
barnaballinu jólapakka, eins og gert hefur verið
á undanförnum árum.
Skreytingin fyrir jólin ákveðin laugardaginn 20. des.
Rætt var um ball á gamlárskvöld, og ákveðið að
halda það að venju og fá hljómsveilina Lexiu
úr Miðfirðinum til að spila og selja
aðganginn á kr. 12,000,- tólf þúsund kr.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið
fundarr. Birna Þorbjörnsdóttir Á.Ó. rit.

Aðalfundur var haldinn í kvenfél. Björk 20. jan. 1981
í félagsh. Hvt. fundinn sálu 18. konur.
Varaform. Tryggva Eggertsd. setti fundinn og
stjórnaði honum, bauð hún fundarkonur velkomnar,
og las síðan fundargerð síðasta fundar og var hún
samþykkt. Þá voru lesin upp lög félagsins.
Gjaldkeri Anna Guðmundsd. innheimti árgjöld
félagskvenna, ákveðið var að hækka árgjöldin úr kr 2.00
í kr. 5.00
Þá las gjaldkeri reikninga félagsins og skýrði þá
og voru þeir samþ.
Fram kom ósk frá form. Rósu Guðjónsd. þess
efnis að hún vegna lasleika fengi að losna frá
formannsstörfum í félaginu, en það er eftir eitt ár
af kjörtimabili hennar, var það samþ. og tekur varaform.
Tryggva Eggertsd. við formannsstarfinu í félaginu.
Þá var kosin varaform. kosningu hlaut Björg Emilsd.
Næst á dagskrá voru kosningar í nefndir.
Ritari Ásta Ögmundsd. mátti ganga úr stjórn, en hún
gaf kost á sér áfram, vararitari er Ragnh. Karlsd.
Úr skemmtinefnd mátlu ganga þær Erla Vignisd. og
Ingibjörg Karlsd. en þær gáfu kost á sér áfram með
Ragnh. Karlsd.
Til vara eru 1. Sigurbj. Guðmannsd. 2. Álfhildur Pálsd.
3. Unnur Ólafsd.
Úr kaffinefnd gekk Guðrún Bjarnad. í hennar stað var
kosin Agnes Magnúsd. með þeim Ásdísi Páls. og Sigríði Eðvalds.
Til vara eru 1. Svanna, 2 Dóra Eðvaldsd. 3 Guðrún Hauksd.
Í 17. júnínefnd voru endurkjörnar Dóra Eðvalds. og Björg.
Til vara eru Ása Guðmundsd. og Guðrún Hauksd.
Fulltrúar á sambandsfund verða áfram Tryggva og Guðrún Ben.
Til vara eru Björg Emilsd. og Ásdís Pálsd.

Í leiknefnd voru endurkjörnar einróma þær Ásdís Pálsd. Unnur Ólafsd. og Kristbjörg Magnúsd.
Til vara eru Inga Guðmundsd. Ragnh. Karlsd. og Sigríður Cðvalds Endurskoðendur þær Ragnh. Karlsd. og Sigurbj. Guðmannsd. gáfu kost á sér áfram. Til vara er Svanna.
Til að fara í heimsókn á Ellih. voru endurk. Tryggva, Anna, og Björg, til vara Margrét og Kristbjörg.
Skorað var á garðnefnd að gegna slörfum áfram, í þeirri nefnd eru þær Ásdís Pálsd. Margrét Jóhannesd. Anna Guðmundsd. Rósa Guðjónsd. og Guðrún Benediktsd.
Þá var rætt um að kjósa þyrfti í nefnd til að sjá um skemmtiferð kvenf. í sumar,
Svanna og Agnes sáu um ferðina í fyrra og tókst það með þeim ágætum að þær voru eindregið beðnar að sjá um ferðina í sumar líka, og féllust þær á að gera það.
Þá las form. nokkur bréf sem borist höfðu, frá síðasta fundi, fyrst var bréf frá U.S.N.H. þar sem kvenfél. var boðið að taka þátt í félagsmálanámsskeiði í velur.
Þá bréf frá Hljómsv. Esir þar sem þeir bjóða okkur allskonar þjónustu í samb. við skemmtanahald.
Þakkarbréf frá Blindravinafél. Ísl. þar sem þakkaður er sluðningur við merkjasölu.
Rætt var um peninga þá er fél. er búið að gefa til sána og ljósalampa í sundlaugarbyggingunni og ekki er búið að afhenda ennþá,
samþ. var að tala við Þórð Skúlason, og afhenda sem fyrst a. m. k. eitthvað af þeirri fjárhæð sem lofað var, en það er kr 4.600.000,- (gamlar. kr.)
Þá ræddi form. um kvert við ætlum að hafa handavinnu kv. og var því vel tekið, ákveðið að hafa þau á 3ja vikna fresti á þriðjudagskv. það fyrsta þann 27. jan. kl 9.00 ákv. að hafa molakaffi, en engar kökur.
Rætt um að kaupa þyrfti fleiri bibliur til að gefa í vor til fermingarbarnanna. ákveðið að gera það sem fyrst.
Fram kom tillaga um að fél. gæfi minningargjöf um þóru Sigvaldad. var málið rætt og ákveðið að gefa 12 bikara í kirkjuna, og var Önnu Guðmundsd. falið að athuga með þá í Rvk.
Þá var rætt um nafn á kvenfélagsgarðinn, en Gunnar Konráðsson ætlar að smíða hliðgrind í garðinn og hafa nafnið í grindinni, slungið var upp á að nefna hann Bjarkarlund, en ekki voru allar ánægðar með það nafn og vildu heldur kalla hann Bjarkargerði, var málið rætt en ekkert ákveðið.
Anna Guðmundsd. ræddi um kaffiveilingar við jarðarfarir og að við þyrflum að ákveða hvernig sölu á þeim skyldi hátlað í framliðinni, en það hafði einhvernt. verið ákv. á fundi að ekki skyldi taka nema fyrir kostnaði við jarðarfarir félagskvenna. en konurnar eru ekki sammála um þetta, finnst sumum að við ætlum að selja kaffið á venjulegu verði þó um félagskonu sé að ræða, og þó sérstaklega ef konan er gengin úr félaginu, þá sé annað alveg fráleitt, aftur á móti gælum við gefið kaffiveilingar við jarðarfarir í sérstokum tilfellum ef okkur sýndist svo, var málið rætt og sýndist sitt hverjum, vildu sumar gefa veilingarnar, nema þá kostnað, en aðrar selja þær á venjulegu verði, og töldu að fólk ætlaðist ekki til að fá þær gefins og sumir kærðu sig ekki einusenni um það, og að heiðurinn af slíku gæli orkað mjög hvímælis, engin ákvörðun tekin í málinu.
Þá var sest að kaffidrykkju og spjallað um ýmismálefni undir borðum.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ásta Ögmundsd. ritari

Fundur var haldinn í kvenfélaginu „Björk" 24. febr. 1981
Mættar voru 12 konur og presturinn.
Formaður setti fundinn og las upp síðustu fundargjörð og (sleit síðasta fundi) var hún samþykkt að mestu.
Á dagskrá var 1 mál, um minningargjöf um þóru Sigvaldadóttur (er lést 2. jan s.l.)
Miklar umræður voru um gjöfina, við höfðum hugsað okkur að kaupa 12 bikara í kirkjuna til viðbótar þeim er til eru, en þeir fást hvergi alveg eins.
Var prestinum sr. Pálma Matthíassyni, sem mættur var á fundinn, falið velja, eða a. m. k. athuga með minningargjöfina.
Til greina kemur líka að kaupa kaleik m/vör eða könnu. Fleiri mál voru ekki á dagskrá.
Veilingar voru heldur þunnar að þessu sinni.
Svart kaffi, nokkrir molar og örlítil mjólkurlögg.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið (sennilega fyrir rest)
Fundarrit. Helena Svanlaug Sigurðard. Ásta Ö. rit

Fundur var haldinn í kvenfél. „Björk" 14. mai 1981
Mættar voru 12 konur.
Form. Tryggva Eggertsd. setti fundinn og stjórnaði honum
Fyrst las form. fundargerð síðasta fundar og var hún samþ.
Þá las form. fundargerð aðalfundar K.B. sumarskemmtun K.B. er ákveðin 27. júní hlutavelta og bíó.
Hver kvenfélagskona gefi 6 muni og kvenfélögin greiði sem svarar kr. 10.00 af hverri félagskonu.
Yfirlit yfir rækjuna var komið og voru það 108 kg á 39.70 = kr. 4.287,60 sem hægt er að fá út í peningum eftir 1/2 mánuð.
Þá var rætt um saunabaðið og er það að verða tilbúið, kvenfélagið er búið að leggja fram það sem búið var að lofa.
Þá var og úpplýst að stefnt væri að því að sundlaugin yrði tilbúin í sumar og væri það lítil laug svipuð og í Ásbyrgi, með plastpoka.
Þá var rætt um kvenfélagsgarðinn, hvert konur vildu vinna í honum sjálfar eða kaupa út hirðingu hans, sumar vildu heldur vinna sjálfar, engin ákvörðun tekin. Einnig var rætt um að fá í garðinn steinhæð og var ákveðið að kanna það mál betur.
Þá var sagt frá að stjórn og garðnefnd hefðu komið saman á skyndifund í vetur og ákveðið nafn á garðinn, og var það „Bjarkarás" þar sem Gunnar Konráðsson ætlaði þá að fara að smíða hliðgrindina.
Ferðanefndin sagði að stefnt væri að því að fara á Strandir seint í ágúst í tveggja daga ferð.
Rósa Guðjónsd. talaði um hvert konur hefðu áhuga fyrir vefnaði, hún hafði von um húsnæði fyrir vefstól kvenfélagsins.
Rósa Friðriksd. talaði um námskeið í keramik gerð,

var það mótkvæð rætt en engin ákvörðun tekin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Ásdís Pálsdóttir fundarritari. (Á.Ó. rit.)

212. fundur.

Fundur haldinn í kvenfél. „Björk" Hót 1. sept. 1981
Form. Þrúgguu Eggertsd. setti fundinn og las fundargerð
síðasta fundar og var hún samþykkt.
Mættar voru 14 konur.
Á dagskrá voru þessi mál.
1. Kvenfélaginu stendur til boða að halda dansleik
m. k. laugardagskvöld, ákveðið var að hafna því boði.
2. Minningargjöf um Þóru Sigvaldad. haft var samband við
sr. Pálma Matthíasson til að fá fram hans álit á
því hvað kirkjuna vanhagaði helst um.
Þótt hann mesta þörf fyrir hátíðaskrúða, gylltan
með rauðu ívafi, og bjóst til að útvega hann.
Áætlað verð krónur 4.000.-
Fillaga sr. Pálma samþykkt. Að því loknu voðluðu
allar viðstaddar Þóru Sigvaldad. virðingu sína með
því að rísa úr sætum.
3. Sunnudaginn 30. ágúst var farið í hina árlegu
skemmtiferð með eldra fólkið. Þátttakendur voru 26
Farið var í hringum Vatnsnesfjall með viðkomu á
Brúarbólsstað og hlýtt á messu hjá sr. Róbert Jack,
síðan var boðið uppá kaffi í skólanum á Þorfinnsst.
og að því loknu voru skemmtiatriði.
4. Fillaga frá kaffinefnd og stjórn kvenfilagsins um að
hækka verð á fjáröflunarkaffi úr kr. 23,00 í kr. 25.00
á manni, var sú fillaga samþ. einnig var lagt til
að kvenfél. taki félagsheimilið á leigu fyrir kaffisölu
við jarðarfarir, og seldi þá kaffið fyrir krónum dýrara
það er kr. 27.00 á manni, og eftir þessar 2 krónur að
standa undir húsaleigu og kostnaði við þrif á
húsinu. Fillagan var samþ.
Hingað til hefur það tíðkast að aðstandendur leigi
húsið sjálfir fyrir erfisdrykkjur.
5. Anna Guðmundsd. leggur til að kvenfél. kaupi brennslu-
-ofn fyrir keramik og postulín og bendir á að eldri sé
hægt að halda keramikmámskeið minna eigin vona ofn.
Fillagan var tekin til athugunar.
6. Kvenfél. stendur til boða að fá til afnota fornleifaherbergi
þar sem hægt væri að selja upp vefstól kvenfélagsins en
hann liggur nú ónotaður í geymslu.
Engin ákvörðun tekin um það mál.
7. Námskeiðahald í vetur.
Rætt var um að fá leiðbeinendur í vefnaði, flosi eða
matreiðslu. Þrúggu var falið að kynna sér fyrir
næsta fund hvaða kennara væri hægt að fá og á
hvenær.
8. Kvenfilagsgarðurinn.
Bæjarstjórn frá Laufskálum í Borgarfirði var fenginn í
sumar til að líta á garðinn, með tilliti til þess að
hann hlaði steinhlað í garðinum, upplýsti hann að
umrædd steinhlað kostaði 13-15.000,- krónur.
Samþ. var að hafna því tilboði, en ákveðið að fá hann til
að klippa tré í þrem næstu vor.
Fram kom á fundinum að umhirða garðsins hvílir mest
á fáeinum á herðum garðnefndar og er ljóst að þar þarf
að verða breyting á, endurnýjaðar voru girðingar um-
hverfis garðinn í sumar og eru þær kostaðar að öllu leyti
af kvenfilaginu.

9. Helgina 15 - 16. ágúst var farin hin árlega skemmtiferð kvenfélagsins, þátttakendur voru 26, farið var á Hvanneyri og þótti ferðin hafa heppnast allveg sérlega vel í alla staði.
10. Haffi og rjómapönnukökur

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.
Guðrún Haukdóttir fundarritari (P.Ó. rit)

213 fundur

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 22. 10. 1981
1ª konur mættu.
Form. Þrúgerður Eggertsd. setti fundinn og sagði konum
bauð hún konur velkomnar, sérst konur gengu í félagið,
Þorbjörg Hermannsdóttir og Maria Sigurðardóttir.
Lesin var fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
Rætt var um vetrarstarfið, Þórunn gerði grein fyrir því að hugt
væri að fá þrennskonar námskeið, flosnamskeið þar sem
Guðrún Guðmundsd. á Hraðastöðum myndi kenna.
Vefnaðarnámskeið, þar sem Kristín Jónsd. Hóli Þsum
myndi hjálpa til við uppsetningu, ef vefstóllinn væri í lagi.
og flatkniptsnámsk. sem Þórdís Þorgeirsd. Þóroddsstöðum
væri kannske fáanleg til að kenna.
Margar konur sýndu áhuga fyrir námskeiðunum og ákveðið að
athuga nánar hvenær hentugast væri að hafa þau.
Hanna sagði frá sýningu sem hún fór á í Reykjavík hjá
heimilisiðnaðarskólanum, og sagðist ætla að hafa námskeið í
félagsheimilinu ef þátttaka yrði næg. Ákveðið var að hafa handavinnu
hálfsmánaðarlega í vetur á fimmtud. og yrði annaðhvert handav. kv.
fjölskrúðs fundur. og væri kaffi og kökur þá alveg ó-missandi.
Fleira ekki tekið fyrir þó margt væri skrafað. Fundi slitið.

Sigurbjörg Guðmannsd. fundarritari. Þ.Ó rit.

214. fundur

Fundur haldinn í kvenfél. „Björk" Hvammstanga
fimmtud. 26. nóv. 1981. 12 konur voru mættar.
Form. setti fundinn og las upp síðustu fundargerð og
gat þess að mætreiðslunámskeið það sem um var rætt
á síðasta fundi, væri búið að halda og hefði Valgarð
Guðmundsson séð um það. Sá sögn fólst ekki allfjör vel að
koma réttunum út, en að öðruleiti fór námskeiðið hið
besta fram. fundargerðin var samþykkt með samhljóða
þjónaglamri.
Þá mál voru á dagskrá, rætt var um félagsheimilsmálin
félagsins og var ákveðið að hún yrði haldin sunnud. 27.
des. n. k.
Ákveðið var að skreyta félagsh. í samvinnu við grunnsk.
og verður það gert 17. des. þar sem litlujól skólans verða
í húsinu þann 18. des.
Ákveðið var að hafa pakka handa börnunum og láta
félagsheimilið afhenda pakkana.
Þá var rætt um bingó kvöld og bakstur fyrir félagsfólk.
Samþykkt var að panta 30 stk. biblíur, sem fara í
gjafir til fermingarbarna á árinu.
Næst á dagskrá var kaffiföl, enda flestar ordnar þurrþandi
eftir mikil ræðuhöld, uppþvott þjónaglamur.
Framboðin var þetta ein, all skrautleg, skreidd ígulkerjum
og öðuskeljum, að þeirra sögn er vel sáð og smjöllaður.
(Og kraðakast hún all vel að sjá og heyra)
Á borðum var einnig kaffi í 5 könnum, mjólk í
einni og 13 sykurmolar. þeim hafa verið ömmur
skalca á hinum endanum á borðinu, hún hefur hafa
komið á norður-endann um þar mundi er lengst
var langt komin.
Margt var spjallað yfir kaffibollunum eins og að